



UMSÖGN

Umsögn mannréttindaskrifstofu um túlkapjónustu fyrir kjörna fulltrúa á fundum ráð og nefnda

Óskað var eftir umsögn mannréttindaskrifstofu dags. 2. október sl. um mögulega túlkapjónustu fyrir kjörna fulltrúa á fundum borgarstjórnar og öðrum ráðum og nefndum borgarinnar.

Umsögn mannréttindaskrifstofu:

Engar formlegar skyldur hvíla á Reykjavíkurborg hvað varðar að tryggja túlkun fyrir kjörna fulltrúa á fundum ráða og nefnda Reykjavíkurborgar. Það er þó skylda sveitarfélagsins samkvæmt lögum að tryggja rétt íbúa til áhrifa á stjórn sveitarfélagsins.

Hafa þarf í huga að túlkun ein og sér tryggir ekki að fulltrúar/íbúar sem ekki hafa fullt vald á íslenski tungu geti tekið virkan þátt. Tryggja þarf einnig að öll gögn sem liggja fyrir fundum til ákvörðunartöku og/eða kynningar séu aðgengileg.

Stór skref hafa verið stigin á undanförunum árum í átt að betri vélþýðingum en ekki er þó víst að hægt sé að treysta slíkri tækni fullkomlega og ekki eru öll gögn á læsilegu formi.

Það er ljóst að íbúar af erlendum uppruna eiga erfiðara með að taka þátt í starfi stjórnsmálaflokka sem bjóða fram til borgarstjórnar, en íbúa sem hafa fullt vald á íslensku. Í byrjun árs 2025 voru 24% af heildar íbúafjölda sveitarfélagsins af erlendum uppruna eða um tæp 34 þúsund íbúar. Mikilvægt er að jafnræði sé á milli íbúa til þátttöku.

Nokkur atriði sem mikilvægt er að hafa í huga þegar að ákvörðunartöku kemur.

1. Tryggja þarf fjármagn til túlkapjónustu í ráðum og nefndum.
2. Tryggja þarf aðgengi að gögnum á öðrum tungumálum en íslensku.
3. Mikilvægt er að í vinnu við endurskoðun málstefnu Reykjavíkurborgar, sem nú er í vinnslu, verði skýrt frekar hvaða tungumál á að þýða á og hvaða gögn á að þýða. Auk þess þarf að setja reglur um rétt íbúa til samskipta og hvenær og hvort bjóða eigi upp á túlkun og/eða textun á opnum fundum borgarinnar.

Í 130. gr. sveitarstjórnarlaga kemur fram; *Sveitarstjórn mótar sveitarfélaginu málstefnu í samráði við Íslenska málnefnd og eftir atvikum málnefnd um íslenskt*





táknmál. Þar skal koma fram að öll gögn liggi fyrir á íslensku svo sem kostur er og gerð grein fyrir heimilum undantekningum á þeirri reglu. Þar skulu settar reglur um notkun íslensks táknmáls og íslensks punktaleturs í gögnum og starfsemi sveitarfélagsins. Enn fremur skal koma fram hvaða gögn liggja að jafnaði fyrir í erlendum málbúningi og hvaða tungumál þar er um að ræða. Þá skal þar setja reglur um rétt íbúa af erlendum uppruna til samskipta við stofnanir sveitarfélagsins á annarri tungu en íslensku.

Meðfylgjandi er skýrsla starfshóps um endurskoðun stefnu Reykjavíkurborgar í túlka- og þýðingarmálum sem skilað var haustið 2024.

Sjá viðauka 3. bls. 29 er að finna gjaldskrá rammasamnings um túlkapjónustu.

Virðingarfyllst,
Anna Kristinsdóttir
Mannréttindaskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla

Hjálagt:

Skýrsla starfshóps um endurskoðun stefnu Reykjavíkurborgar í túlka- og þýðingarmálum dags. september 2024



Reykjavík